

1. Að herbergi þau, sem ætluð eru nemendur, sjeu þannig úr garði gerð og svo vel umgengin, að heilsu nemenda sje eigi hætta búin af veru þar, og, ef um farskóla er að ræða, þá að á heimilinu, þar sem skólinn er haldinn, sje eigi berklaveiki eða annar smithættulegur sjúkdómur. **110**
6. sept.
2. Að kennarar eða eftirlitsmaður með heimafræðslu gangi ekki með smitandi berklaveiki, holdsveiki eða aðra viðloðandi smitandi sjúkdóma.
3. Að börn eða unglingar með smithættulega sjúkdóma sjeu eigi tekin í skóla með öðrum eða vistuð í heimavistarskóla.

Þetta, sem stjórnarráðið hefir ákveðið í samráði við landlækni og yður, herra fræðslumálastjóri, sakir hinnar augljósu hættu, einkum berklahættu, er heilbrigði þjóðarinnar stendur af barna- og unglingafræðslunni, sje eigi haft eftirlit eins og að ofan segir með öllu fyrirkomulaginu, og það rækilegt eftirlit, eruð þjer beðinn að tilkynna öllum skóla- og fræðslunefndum og forstöðumönnum unglingaskóla, að því viðbættu, að engum skóla verður veittur styrkur úr lands-sjóði nema því að eins að umsókninni um styrk fylgi auk annara skilríkja vott-orð hjeraðslæknis um eftirlitið ritað á eyðublað, er stjórnarráðið mun sjá um að hjeraðslæknum verði sent í þessu skyni.

*Brjef stjórnarráðsins til biskups um veitingu embættisláns til Pykkvabæjar-
klaustursprestakalls* **111**
4. nóv.

Stjórnarráðið hefir í dag veitt prestinum í Pykkvabæjarklausturspresta-kalli, sjera Sigurði Sigurðssyni, 5000 — fimm þúsund — króna embættislán sam-kvæmt lögum nr. 30, 16. nóvbr. 1907, sbr. lög nr. 25, 20. október 1913, og með þeim kjörum, er þar eru tiltekin, til að kaupa fyrir húsin á prestssetrinu Ásum í Skaptártungu, þau er Sveinn bóndi Sveinsson hefir bygt þar. Húsin eru virt til brunabóta á 5500 kr. og skulu brunavátrygð fyrir þá upphæð. Fyrningar-gjaldið verður þá kr. 27.50, og greiðist í fyrsta skifti í fardögum 1917.

Þetta er yður, háæruverðugi herra, hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar.

*Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu um breyting á
mörkum Skriðuhrepps og Arnarneshrepps.* **112**
21. nóv.

Eftir móttöku brjefs yðar, herra sýslumaður, dags. 9. f. m., er fylgdi er-indi frá hreppsnefndinni í Arnarneshreppi um, að jörðin Dunhagakot í Skriðu-

112 hreppi verði lögð til Arnarnesshrepps með nánara tilteknum skilyrðum, svo og 21. nóv. meðmæli sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu með því, að þetta verði leyft, er hjermeð, samkvæmt sveitarstjórnarlögum 10. nóvember 1905, 3. gr., skipað svo fyrir sem hjer segir:

Jörðin Dunhagakot í Skriðuhreppi í Eyjafjarðarsýslu skal frá fardögum þ. á. lögð til Arnarnesshrepps í sömu sýslu, gegn því að Skriðuhreppi sjeu greiddar eitt skifti fyrir öll 300 kr. af Arnarnesshreppi og 200 kr. af eiganda og ábúanda jarðarinnar Litla-Dunhaga, og verða merkin milli Skriðuhrepps og Arnarnesshrepps hjereftir landamerki Dunhagakots að vestan.

Þetta er yður hjermeð tjáð til leiðbeiningar, frekari aðgerða og birtingar,

113

4. des.

Brjef stjórnarráðsins til bæjarfógetans í Reykjavík um toll af fiski, sem fluttur er út eftir umskipun, en án þess að hann hafi verið fluttur á land.

Með brjefi dags. 21. f. m. hafið þjer, herra bæjarfógeti, skýrt frá því, að islensk botnvörpuskip, sem um undanfarin ár sjálf hafa flutt afla sinn í ís til Englands nokkurn hluta ársins, og þá ekkert útflutningsgjald eða verðhækkunar-tollur verið greiddur af aflanum, hafi nú, vegna ófriðarhættu, hætt þessum ferðum og, sum hver, sent nokkuð af fiski þeim, er þau hafa aflað, til Englands með enskum botnvörpum, og spyrjist þjer fyrir um það, hvort eigi megí sleppa að heimta toll af fiski þeim, er þannig er fluttur út, þar sem svo sjerstaklega stendur á, og fiskurinn alls ekki hefir verið fluttur á land, heldur umskipað hjer eða annarstaðar í hin ensku veiðiskip.

Útaf þessu skal yður hjermeð tjáð, yður til leiðbeiningar, að þar sem fiskur sá, er hjer ræðir um, er veiddur utan landhelgi, sbr. lög nr. 8, 6. apríl 1898, lög nr. 18, 8. júlí 1902, lög nr. 27, 25. sept. s. á. og lög nr. 56, 30. júlí 1909, og honum aldrei í land skipað, verður enginn tollur heimtur af honum, sbr. ráðherrabrjef 28. júní 1882 (Stj.tíð. 1882, B. bls. 119—120) og landshöfðingjabrjef 18. maí 1899 (Stj.tíð. 1899 B. bls. 74).